



Sauðárkróki, 23. apríl 2020

Atvinnuveganefnd Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur nú til meðferðar frumvarp til laga um Matvælasjóð, 728. mál.

Að mati Byggingastofnunar er skynsamlegt að tengja með þessum hætti saman nýsköpunarstuðning á þessum tveimur meginviðum íslenskrar matvælaframleiðslu, sjávarútvegs og landbúnaðar og mikilvægt að auka fjárstuðning við verkefnið frá því sem nú er.

Byggingastofnun vill einkum halda til haga byggðasjónarmiði þegar rætt er um hinn nýja sjóð. Í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 sem samþykkt var samhljóða á Alþingi í júní 2018 er lögð áhersla á að metnir verði kostir þess að staðsetja nýja starfsemi á vegum ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins. Þetta þarf að gera með formlegum hætti þegar tekin er ákvörðun um staðsetningu verkefnisins. Bent er á að Framleiðnisjóður landbúnaðarins og AVS eru nú báðir vistaðir utan höfuðborgarsvæðisins. Landbúnaður og sjávarútvegur eru undirstöðuatvinnugreinar í landsbyggðunum og ekki óeðlilegt að ætla að þar komi fram mestur ávinningur af þeim verkefnum sem stutt verður við. Mest er þó um vert að ef vel tekst til eflir það samkeppnishæfi landsins í heild og getur stuðlað að auknu matvælaöryggi.

Þá væri að mati stofnunarinnar heppilegt að finna hinum nýja sjóði meira aðlaðandi nafn.

Fyrir hönd Byggingastofnunar
Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri